**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

**annars vegar**

**og**

**eftirtalin aðildarfélög Bandalags háskólamanna**

Dýralæknafélag Íslands
Félag geislafræðinga
Félag háskólakennara
Félag háskólakennara á Akureyri
Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins
Félag íslenskra félagsvísindamanna
Félag íslenskra náttúrufræðinga
Félag lífeindafræðinga
Félagsráðgjafafélag Íslands
Fræðagarður
Iðjuþjálfafélag Íslands
Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga
Leikarafélag Íslands
Sálfræðingafélag Íslands
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga
Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði
Stéttarfélag lögfræðinga
Stéttarfélag sjúkraþjálfara
Þroskaþjálfafélag Íslands

**ásamt**

**Kjarafélagi Tæknifræðingafélags Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Lyfjafræðingafélagi Íslands**

**hins vegar**

**gera með sér svofellt**

# SAMKOMULAG

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila**

## 1. grein
## Gildistími

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. júní 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

## 2. grein
## Laun

Frá 1. júní 2008 taka gildi launatöflur sbr. fylgiskjal 2.

### 3. grein

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

### 4. grein

Grein 12.2.5 um mat á ávinnslurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

### 5. grein

Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

### 6. grein

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun.

Reykjavík, 28. júní 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Dýralæknafélag Íslands með fyrirvara
um samþykki félagsmanna.

Félag geislafræðinga með fyrirvara um
samþykki félagsmanna.

Félag háskólakennara með fyrirvara
um samþykki félagsmanna.

Félag háskólakennara á Akureyri með
fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna
stjórnarráðsins með fyrirvara um
samþykki félagsmanna.

Félag íslenskra félagsvísindamanna
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

Félag íslenskra náttúrufræðinga með
fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Félag lífeindafræðinga með fyrirvara
um samþykki félagsmanna.

Félagsráðgjafafélag Íslands með
fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Fræðagarður með fyrirvara um
samþykki félagsmanna.

Iðjuþjálfafélag Íslands með fyrirvara
um samþykki félagsmanna.

Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

Leikarafélag Íslands með fyrirvara um
samþykki félagsmanna.

Sálfræðingafélag Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Stéttarfélag lögfræðinga með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Stéttarfélag sjúkraþjálfara með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Þroskaþjálfafélag Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Stéttarfélag verkfræðinga með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Lyfjafræðingafélag Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

**Bókanir**
**með samkomulagi þessu**
**dagsettu 28. júní 2008**

## Bókun 1

Upplýsingagjöf til stéttarfélaga um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

## Bókun 2

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Verði höfð hliðsjón af samkomulagi aðila á vinnumarkaði hvað varðar greiðslur frá ríkinu (0,13%) og stofnanir ríkisins sem vinnuveitendur (0,13%) og gildi sömu dagsetningar um greiðslur og samið var um á almennum vinnumarkaði. Efnt verði til samstarfs við önnur samtök launamanna og greiðslurnar inntar af hendi þegar samkomulag liggur fyrir.

## Bókun 3

Aðilar eru sammála um að framlengja samkomulag aðila frá 15. febrúar 2007 út samningstímann. Vegna þessa kemur til sérstakt framlag fjármálaráðherra til eflingar mannauðsmála hjá ríkinu að fjárhæð 11 milljónir.

## Bókun 4

Aðilar eru sammála um að leggja af vísindasjóði, samkvæmt gr. 10.4 eða sambærilegra greina og hafa launatöflur verið hækkaðar sem því nemur. Í tengslum við það verður gert samkomulag um tilhögun sí- og endurmenntunar háskólamanna. Þegar það liggur fyrir er gert ráð fyrir sérstöku stofnframlagi að upphæð kr. 25.000.000, sem greitt verði við upphaf næsta mánaðar eftir að samkomulag næst.

Til þess að mæta þeim skuldbindingum sem vísindasjóðir hafa þegar undirgengist kemur til sérstakt framlag að fjárhæð 115.000.000, sem greitt verði fyrir 1. nóvember 2008.

**Bókun 5**

Vegna breytinga á launatöflu skulu stofnanasamningar þar sem álag er metið í prósentum, sbr. grein 1.2.2, breytast í talningu álagsþrepa eftir því sem við á.

Dæmi: Þar sem talað er um 5% hækkun vegna álags skal nú miðað við tvö álagsþrep.

**Bókun 6**

Vegna breytinga á vísinda- og starfsmenntunarsjóði Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga er nauðsynlegt að skipta sjóðnum upp. Breytist því grein 10.3.1 og verður sem hér segir:

Ríkissjóður greiðir mánaðarlega framlag í Starfsmenntunarsjóð Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga sem nemur 0,46% af dagvinnulaunum félagsmanna.

**Bókun 7**

Iðgjald vinnuveitanda í lífeyrissjóð Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands (nú Almenni lífeyrissjóðurinn) hækkar í 11,5% frá og með 1. september 2008 af heildarlaunum starfsmanns á móti 4% iðgjaldi starfsmanns.

**Fylgiskjöl**
**með samkomulagi þessu**
**dagsettu 28. júní 2008**

**Fylgiskjal 1**

Vegna skamms samningstíma er ekki tekið á stefnumótandi málum í þessu samkomulagi. Aðilar eru þó ásáttir um að ræða eftirtalin mál á gildistíma samkomulagsins.

**Starfsþróun**

- Frekari stuðning við starfsþróunarstarf/starfsþróunaráætlanir.

Styðja stofnanir til að vinna að bættum aðstæðum mannauðsmála, þó einkum stofnanir heilbrigðis- og félagsmálageira.

**Lagaumhverfi**

- SELKO, samstarf um endurskoðun á lögum og reglum um starfsmenn ríkisins

**Samningstexti**

- Samræming á texta kjarasamninga.

**Vinnuumhverfi**

- Heilsueflandi vinnuumhverfi, svo sem vegna vaktakerfa.

**Slysatryggingar**

- Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum og almennum markaði.

**Launaþróun**

- Skoðun á kerfum sem notuð eru til að mæla fylgni launaþróunar á milli markaða, t.d. erlendis.

**Fylgiskjal 2**

**Launatafla eftirtalinna félaga BHM:**

Dýralæknafélags Íslands, Félag geislafræðinga, Félags háskólakennara, Félags háskólakennara á Akureyri, Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag lífeindafræðinga, Fræðagarður, Félagsráðgjafafélags Íslands, Iðjuþjálfafélag Íslands, Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands, Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga, Leikarafélag Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði, Stéttarfélags lögfræðinga, Stéttarfélags sjúkraþjálfara, Þroskaþjálfafélag Íslands.

| Lfl | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 235.281 | 240.644 | 246.008 | 251.371 | 256.735 | 262.098 | 267.460 | 272.824 | 278.187 |
| 02 | 246.008 | 251.639 | 257.271 | 262.902 | 268.534 | 274.166 | 279.797 | 285.428 | 291.059 |
| 03 | 257.271 | 263.184 | 269.098 | 275.010 | 280.923 | 286.837 | 292.750 | 298.663 | 304.576 |
| 04 | 269.098 | 275.306 | 281.515 | 287.724 | 293.933 | 300.142 | 306.351 | 312.559 | 318.768 |
| 05 | 281.515 | 288.034 | 294.554 | 301.073 | 307.592 | 314.111 | 320.630 | 327.149 | 333.669 |
| 06 | 294.554 | 301.399 | 308.244 | 315.089 | 321.934 | 328.779 | 335.625 | 342.470 | 349.316 |
| 07 | 308.244 | 315.432 | 322.619 | 329.807 | 336.994 | 344.182 | 351.369 | 358.556 | 365.744 |
| 08 | 322.619 | 330.165 | 337.713 | 345.259 | 352.806 | 360.353 | 367.900 | 375.446 | 382.993 |
| 09 | 337.713 | 345.637 | 353.561 | 361.485 | 369.409 | 377.334 | 385.257 | 393.182 | 401.106 |
| 10 | 353.561 | 361.881 | 370.202 | 378.522 | 386.842 | 395.162 | 403.484 | 411.804 | 420.124 |
| 11 | 370.202 | 378.938 | 387.675 | 396.411 | 405.147 | 413.884 | 422.621 | 431.357 | 440.094 |
| 12 | 387.675 | 396.849 | 406.022 | 415.195 | 424.368 | 433.542 | 442.715 | 451.888 | 461.061 |
| 13 | 406.022 | 415.655 | 425.286 | 434.918 | 444.550 | 454.182 | 463.813 | 473.446 | 483.077 |
| 14 | 425.286 | 435.400 | 445.513 | 455.626 | 465.740 | 475.853 | 485.967 | 496.080 | 506.194 |
| 15 | 445.513 | 456.133 | 466.751 | 477.371 | 487.990 | 498.609 | 509.228 | 519.847 | 530.467 |
| 16 | 466.751 | 477.902 | 489.052 | 500.202 | 511.352 | 522.503 | 533.653 | 544.803 | 555.953 |
| 17 | 489.052 | 500.760 | 512.467 | 524.175 | 535.882 | 547.590 | 559.298 | 571.005 | 582.713 |
| 18 | 512.467 | 524.759 | 537.053 | 549.345 | 561.639 | 573.932 | 586.224 | 598.518 | 610.811 |

**Launatafla Félags íslenskra náttúrufræðinga**

| | *Aldursþrep* | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lfl** | **1** | **2** | **3** | **4** | **5** |
| 001 | 235.281 | 238.499 | 241.765 | 245.081 | 248.446 |
| 002 | 241.765 | 245.081 | 248.446 | 251.862 | 255.328 |
| 003 | 248.446 | 251.862 | 255.328 | 258.847 | 262.419 |
| 004 | 255.328 | 258.847 | 262.419 | 266.044 | 269.723 |
| 005 | 262.419 | 266.044 | 269.723 | 273.458 | 277.248 |
| 006 | 269.723 | 273.458 | 277.248 | 281.096 | 285.001 |
| 007 | 277.248 | 281.096 | 285.001 | 288.964 | 292.988 |
| 008 | 285.001 | 288.964 | 292.988 | 297.072 | 301.217 |
| 009 | 292.988 | 297.072 | 301.217 | 305.424 | 309.694 |
| 010 | 301.217 | 305.424 | 309.694 | 314.028 | 318.428 |
| 011 | 309.694 | 314.028 | 318.428 | 322.893 | 327.425 |
| 012 | 318.428 | 322.893 | 327.425 | 332.025 | 336.695 |
| 013 | 327.425 | 332.025 | 336.695 | 341.434 | 346.244 |
| 014 | 336.695 | 341.434 | 346.244 | 351.126 | 356.082 |
| 015 | 346.244 | 351.126 | 356.082 | 361.112 | 366.218 |
| 016 | 356.082 | 361.112 | 366.218 | 371.401 | 376.661 |
| 017 | 366.218 | 371.401 | 376.661 | 382.000 | 387.419 |
| 018 | 376.661 | 382.000 | 387.419 | 392.919 | 398.501 |
| 019 | 387.419 | 392.919 | 398.501 | 404.167 | 409.919 |
| 020 | 398.501 | 404.167 | 409.919 | 415.757 | 421.682 |
| 021 | 409.919 | 415.757 | 421.682 | 427.697 | 433.801 |
| 022 | 421.682 | 427.697 | 433.801 | 439.997 | 446.285 |
| 023 | 433.801 | 439.997 | 446.285 | 452.668 | 459.147 |
| 024 | 446.285 | 452.668 | 459.147 | 465.722 | 472.397 |
| 025 | 459.147 | 465.722 | 472.397 | 479.172 | 486.048 |
| 026 | 472.397 | 479.172 | 486.048 | 493.027 | 500.112 |
| 027 | 486.048 | 493.027 | 500.112 | 507.302 | 514.601 |
| 028 | 500.112 | 507.302 | 514.601 | 522.008 | 529.527 |
| 029 | 514.601 | 522.008 | 529.527 | 537.158 | 544.904 |
| 030 | 529.527 | 537.158 | 544.904 | 552.766 | 560.747 |
| 031 | 544.904 | 552.766 | 560.747 | 568.847 | 577.069 |
| 032 | 560.747 | 568.847 | 577.069 | 585.414 | 593.884 |
| 033 | 577.069 | 585.414 | 593.884 | 602.481 | 611.207 |

## Launatafla Lyfjafræðingafélags Íslands

| | *Aldursþrep* | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lfl** | **1** | **2** | **3** | **4** | **5** |
| 001 | 235.281 | 238.499 | 241.765 | 245.081 | 248.446 |
| 002 | 241.765 | 245.081 | 248.446 | 251.862 | 255.328 |
| 003 | 248.446 | 251.862 | 255.328 | 258.847 | 262.419 |
| 004 | 255.328 | 258.847 | 262.419 | 266.044 | 269.723 |
| 005 | 262.419 | 266.044 | 269.723 | 273.458 | 277.248 |
| 006 | 269.723 | 273.458 | 277.248 | 281.096 | 285.001 |
| 007 | 277.248 | 281.096 | 285.001 | 288.964 | 292.988 |
| 008 | 285.001 | 288.964 | 292.988 | 297.072 | 301.217 |
| 009 | 292.988 | 297.072 | 301.217 | 305.424 | 309.694 |
| 010 | 301.217 | 305.424 | 309.694 | 314.028 | 318.428 |
| 011 | 309.694 | 314.028 | 318.428 | 322.893 | 327.425 |
| 012 | 318.428 | 322.893 | 327.425 | 332.025 | 336.695 |
| 013 | 327.425 | 332.025 | 336.695 | 341.434 | 346.244 |
| 014 | 336.695 | 341.434 | 346.244 | 351.126 | 356.082 |
| 015 | 346.244 | 351.126 | 356.082 | 361.112 | 366.218 |
| 016 | 356.082 | 361.112 | 366.218 | 371.401 | 376.661 |
| 017 | 366.218 | 371.401 | 376.661 | 382.000 | 387.419 |
| 018 | 376.661 | 382.000 | 387.419 | 392.919 | 398.501 |
| 019 | 387.419 | 392.919 | 398.501 | 404.167 | 409.919 |
| 020 | 398.501 | 404.167 | 409.919 | 415.757 | 421.682 |
| 021 | 409.919 | 415.757 | 421.682 | 427.697 | 433.801 |
| 022 | 421.682 | 427.697 | 433.801 | 439.997 | 446.285 |
| 023 | 433.801 | 439.997 | 446.285 | 452.668 | 459.147 |
| 024 | 446.285 | 452.668 | 459.147 | 465.722 | 472.397 |
| 025 | 459.147 | 465.722 | 472.397 | 479.172 | 486.048 |
| 026 | 472.397 | 479.172 | 486.048 | 493.027 | 500.112 |
| 027 | 486.048 | 493.027 | 500.112 | 507.302 | 514.601 |
| 028 | 500.112 | 507.302 | 514.601 | 522.008 | 529.527 |
| 029 | 514.601 | 522.008 | 529.527 | 537.158 | 544.904 |
| 030 | 529.527 | 537.158 | 544.904 | 552.766 | 560.747 |
| 031 | 544.904 | 552.766 | 560.747 | 568.847 | 577.069 |
| 032 | 560.747 | 568.847 | 577.069 | 585.414 | 593.884 |
| 033 | 577.069 | 585.414 | 593.884 | 602.481 | 611.207 |
| 034 | 593.884 | 602.481 | 611.207 | 620.064 | 629.053 |

## Launatafla Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga

| Lfl | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 234.820 | 240.173 | 245.526 | 250.879 | 256.232 | 261.585 | 266.937 | 272.290 | 277.643 |
| 02 | 245.526 | 251.146 | 256.768 | 262.388 | 268.008 | 273.629 | 279.249 | 284.870 | 290.490 |
| 03 | 256.768 | 262.669 | 268.571 | 274.472 | 280.374 | 286.275 | 292.177 | 298.079 | 303.980 |
| 04 | 268.571 | 274.768 | 280.964 | 287.161 | 293.358 | 299.555 | 305.751 | 311.948 | 318.144 |
| 05 | 280.964 | 287.471 | 293.977 | 300.484 | 306.990 | 313.496 | 320.003 | 326.509 | 333.016 |
| 06 | 293.977 | 300.809 | 307.641 | 314.472 | 321.304 | 328.136 | 334.968 | 341.800 | 348.632 |
| 07 | 307.641 | 314.815 | 321.987 | 329.161 | 336.335 | 343.508 | 350.681 | 357.855 | 365.028 |
| 08 | 321.987 | 329.519 | 337.052 | 344.584 | 352.115 | 359.648 | 367.180 | 374.711 | 382.244 |
| 09 | 337.052 | 344.961 | 352.869 | 360.778 | 368.686 | 376.595 | 384.503 | 392.412 | 400.321 |
| 10 | 352.869 | 361.173 | 369.478 | 377.781 | 386.085 | 394.389 | 402.694 | 410.998 | 419.302 |
| 11 | 369.478 | 378.197 | 386.917 | 395.636 | 404.355 | 413.075 | 421.793 | 430.512 | 439.232 |
| 12 | 386.917 | 396.072 | 405.228 | 414.382 | 423.538 | 432.693 | 441.849 | 451.003 | 460.159 |
| 13 | 405.228 | 414.841 | 424.454 | 434.067 | 443.680 | 453.293 | 462.906 | 472.519 | 482.132 |
| 14 | 424.454 | 434.548 | 444.641 | 454.734 | 464.828 | 474.922 | 485.016 | 495.109 | 505.203 |
| 15 | 444.641 | 455.240 | 465.838 | 476.437 | 487.035 | 497.634 | 508.231 | 518.830 | 529.429 |
| 16 | 465.838 | 476.966 | 488.094 | 499.223 | 510.351 | 521.480 | 532.608 | 543.737 | 554.865 |
| 17 | 488.094 | 499.780 | 511.464 | 523.149 | 534.833 | 546.518 | 558.203 | 569.887 | 581.572 |
| 18 | 511.464 | 523.732 | 536.002 | 548.270 | 560.540 | 572.809 | 585.077 | 597.347 | 609.615 |

**Fylgiskjal 3**

**Skýringar vegna vörpunar félagsmanna**
**Sálfræðingafélags Íslands**
**yfir í nýja launatöflu.**

Aðferðafræðin við að færa félagsmenn yfir í nýja launatöflu skal vera með eftirfarandi hætti:

Launatafla félaganna skulu taka þeim hækkunum sem um er samið í samningnum. Síðan er hverjum og einum félagsmanni fundinn staður í nýju launatöflunni sem er sama eða næsta launatala fyrir ofan hina umsömdu lágmarkshækkun. Tryggt skal að félagsmenn sem þannig eru færðir yfir í nýja launatöflu, eingöngu samkvæmt launatölu, nái hinni umsömdu launahækkun samkvæmt kjarasamningi.

Hafi ekki verið um annað samið gilda röðunarákvæði núgildandi stofnanasamninga.

Röðun í nýja launatöflu gefur engar vísbendingar um röðun í launaflokka eða álagsþrep í endurskoðuðum stofnanasamningum.

Aðlögun breyttrar röðunar skal útfærð við næstu reglulegu endurskoðun stofnanasamninga viðkomandi stofnunar sbr. gr. 11.4.3.1.

**Fylgiskjal 4**

**Skýring við bókun 4:**

Fjármálaráðuneytið ætlar að ríkið setji fram markmið fyrir allar stofnanir um virkar starfsþróunaráætlanir og eru aðilar með þessari bókun að semja um þátttöku og samstarf við stéttarfélögin um að styðja við þau markmið. Starfsþróun á að byggja á tveimur meginmarkmiðum:

Starfsmenn ríkisins hafi fjölbreytta möguleika til að viðhalda verðmæti sínu á vinnumarkaði og endurnýja menntun sína eða bæta við hana.

Stofnanir fái stuðning og aðhald sem leiði til þess að þær hafi jafnan yfir að ráða þeirri þekkingu og getu hjá starfsfólkinu sem geri þeim kleift að ná markmiðum stofnunarinnar á hverjum tíma.

Þessi tvö markmið eru samofin, en birtingarháttur þeirra er misjafn.

## Verklag við endurskoðun sí- og endurmenntunar(starfsþróunar) háskólamanna skv. bókun 4

### Skipun vinnuhóps

Fyrir 15. ágúst 2008 skulu aðilar hafa skipað vinnuhóp. Vinnuhópurinn skal skipaður jafn mörgum fulltrúum frá hvorum aðila ca. 6-8 manns. Vinnuhópurinn setji sér tímasetta verkáætlun.

Vinnuhópurinn skal hafa lokið störfum eigi síðar en 1. desember 2008.

### Hlutverk vinnuhópsins

Hlutverk vinnuhópsins er að skilgreina markmið og útfærslu verkefnisins m.a. í samræmi við starfsþróunarmarkmið ríkisins. Vinnuhópurinn skal leggja mat á tekjuþörf verkefnisins og hugmynd að fjármögnun fyrir samningsaðila að vinna úr. Launagreiðendur fjármagna verkefnið og gert er ráð fyrir að það verði gangsett í síðasta lagi 1. janúar 2009.

### Skipun stjórnar

Vinnuhópurinn leggi fram tillögu að skipun stjórnar og deildaskiptingu ef þurfa þykir. Grunnforsenda er að jafnræði sé á milli aðila í stjórn.

**Hugmynd um hverjir geta verið aðilar**

Aðildarfélög BHM

Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands

Stéttarfélag verkfræðinga

Lyfjafræðingafélag Íslands

Skilyrði fyrir inngöngu annarra

**Hugmynd, hverjir geta sótt um**

Stofnanir

Hlutaðeigandi stéttarfélög

Stjórn vegna verkefna sem stjórnin skipuleggur

Starfsmenn, á eigin forsendum eða í gegnum stéttarfélag eða stofnun